

# Viðauki B.2 - Markaðshlutdeild í birgðahaldi

## B.2.1 Gögn

Aflað var gagna um árlegt gegnumstreymi í gegnum birgðatanka þeirra aðila sem sinna birgðahaldi á eldsneyti á Íslandi, þ.e. hjá Olíudreifingu, Skeljungu, Atlantsolíu, EBK og ITS. Í framhaldinu var skilgreint hvaða landfræðilega markaði hver birgðatankur tilheyrði í samræmi við skilgreiningar í kafla 3.2 í frummatsskýrslunni og reiknuð út hlutdeild hvers starfandi fyrirtækis í hverri eldsneytistegund. Hafa ber það í huga að í einhverjum tilvikum er gegnumstreymið tvítalið, þó sérstaklega fyrir þær tegundur sem fluttar eru frá innflutningsbirgðatönkum í minni birgðatanka. Má sjá það mynstur glögglega þegar borin er saman heildarsala á smásölumarkaði hversrar tegundar fyrir sig og síðan gegnumstreymi hversrar tegundar. Þrátt fyrir fyrrgreinda annmarka telur Samkeppniseftirlitið að tölur um gegnumstreymi gefi nægjanlega glögga mynd af hlutdeild hvers aðila á hverjum markaði fyrir sig.

Tafla B.2.1 Skammstafanir eldsneytistegunda.

Skammstöfun	Skilgreiningar
AGO	Dísilolía
B95	95 oktana bensín
B98	98 oktana bensín
JET	Þotueldsneyti
MDO	Skipadísilolía
MGO	Skipagasolía

## B.2.2 Birgðahald

Greining á markaðshlutdeild einstakra birgja á skilgreindum vöru- og þjónustumörkuðum leiðir í ljós að í öllum tilvikum eru markaðir fyrir birgðahald mjög samþjappaðir þar sem að hámarki starfa þrír aðilar og í mörgum tilvikum aðeins einn. Hér er litið til hlutdeildar einstakra aðila á árinu 2012, sundurgreint eftir landsvæði og eldsneytistegund.

### B.2.2.1 Dísilolía

Skilgreindir markaðir fyrir birgðahald dísilolíu (litaðrar og ólitaðrar) voru þrettán á árinu 2012. Heildargegnumstreymi var um [200 – 250] milljón lítrar, mest á Suðvesturhorninu og Mið-Norðurlandi. Þegar horft er á landið í heild var Olíudreifing með [70 – 80]% hlutdeild á móti [20 – 30]% hjá Skeljungu og [0 – 5]% hjá Atlantsolíu. Atlantsolía geymdi aðeins eldsneyti á suðvesturhorni landsins og var með [5 – 10]% markaðshlutdeild á því svæði. Olíudreifing var með 100% markaðshlutdeild á sjö mörkuðum en Skeljungur [20 – 30]% markaðshlutdeild á Mið-Norðurlandi, Reyðafirði og Eskafirði, Suðvesturhorninu og í Vestmannaeyjum. Skeljungur var einnig með [5 – 10]% markaðshlutdeild á Snæfellsnes og innan við 5% á Ísafirði og nágrenni.

Staðsetning	Atlantsólía	ODR	Skeljungur	Gegnumstreymi (m. ltr.) 2012
Grímsey	0%	100%	0%	[0-5]
Hella og nágrenni	0%	100%	0%	[0-5]
Höfn í Hornafirði og nágrenni	0%	100%	0%	[0-5]
Ísafjörður og nágrenni	0%	[90-100]%	[0-5]%	[0-5]
Mið-Norðurland (frá Siglufirði til Húsavíkur)	0%	[70-80]%	[20-30]%	[40-45]
Patreksfjörður og nágrenni	0%	100%	0%	[0-5]
Reyðarfjörður og Eskifjörður	0%	[70-80]%	[20-30]%	[10-15]
Sauðárkrókur og nágrenni	0%	100%	0%	[0-5]
Snæfellsnes	0%	[90-100]%	[5-10]%	[0-5]
Suðvesturhorn Íslands (frá Suðurnesjum og til og með Akranes)	[5-10]%	[70-80]%	[20-30]%	[100-150]
Vestmannaeyjar	0%	[60-70]%	[30-40]%	[0-5]
Þorlákshöfn og nágrenni	0%	100%	0%	[0-5]
Þórshöfn og nágrenni	0%	100%	0%	[0-5]
Allt landið	[0-5]%	[70-80]%	[20-30]%	[200-250]

### B.2.2.2 95 oktana bensín

Skilgreindir markaðir fyrir birgðahald 95 oktana bensíns voru sex á árinu 2012.

Heildargegnumstreymið var um [150 – 200] milljón lítrar, mest á Suðvesturhorninu. Þegar horft er á allt landið var Olíudreifing með mesta hlutdeild, [50 – 60]%, á móti [30 – 40]% hjá Skeljungu og [10 – 20]% hjá Atlantsólíu. Atlantsólía starfaði aðeins á suðvesturhorni landsins og var á þeim markaði með [10 – 20]% markaðshlutdeild. ODR var með 100% markaðshlutdeild á Patreksfirði og nágrenni og Höfn í Hornafirði en á öðrum mörkuðum var Skeljungur með [30 – 40]% markaðshlutdeild að undanskildum Reyðafirði og Eskifirði þar sem það var með [40 – 50]% markaðshlutdeild.

Staðsetning	Atlantsólía	ODR	Skeljungur	Gegnumstreymi (m. ltr.) 2012
Höfn í Hornafirði	0%	100%	0%	[0-5]
Mið-Norðurland (frá Sauðárkróki til Húsavíkur)	0%	[60-70]%	[30-40]%	[20-25]
Patreksfjörður og nágrenni	0%	100%	0%	[0-5]
Reyðarfjörður og Eskifjörður	0%	[50-60]%	[40-50]%	[5-10]
Suðvesturhorn Íslands (frá Suðurnesjum og til og með Akranes)	[10-20]%	[50-60]%	[30-40]%	[150-200]
Vestmannaeyjar	0%	[70-80]%	[20-30]%	[0-5]
Allt landið	[10-20]%	[50-60]%	[30-40]%	[150-200]

### B.2.2.3 98 oktana bensín

Skilgreindir markaðir fyrir birgðahald 98 oktana bensíns voru tveir á árinu 2012. Olíudreifing var eina fyrirtækið á þeim báðum og því með 100% markaðshlutdeild. Gegnumstreymið var [0 – 5] milljón lítrar.

Staðsetning	ODR	Gegnumstreymi (m. ltr.) 2012
Suðausturland (Höfn í Hornafirði)	100%	[0-5]
Suðvesturhorn Íslands (frá Suðurnesjum og til og með Akranes)	100%	[0-5]
Allt landið	100%	[0-5]

#### B.2.2.4 Flugbensín

Aðeins einn birgðatankur var á landinu fyrir flugvélabensín á árinu 2012 og var hann á vegum Skeljungur. Skeljungur var því með 100% markaðshlutdeild fyrir birgðahald flugvélabensín. Gegnumstreymi var um [0 – 5] milljón lítrar.

Staðsetning	Skeljungur	Gegnumstreymi (m. ltr.) 2012
Höfuðborgarsvæðið	100%	[0-5]
Allt landið	100%	[0-5]

#### B.2.2.5 Þotueldsneyti

Skilgreindir markaðir fyrir birgðahald þotueldsneytis voru þrjár á árinu 2012. Samanlagt gegnumstreymi þeirra var um [350 – 400] milljón lítrar. ITS var með birgðatanka í Helgúvík, EBK við Keflavíkurflugvöll og Skeljungur á höfuðborgarsvæðinu. Hvert félag var því með 100% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði.<sup>1</sup>

Staðsetning	EBK	ITS	Skeljungur	Gegnumstreymi (m. ltr.) 2012
Helgúvík	0%	100%	0%	[150-200]
Höfuðborgarsvæðið	0%	0%	100%	[0-5]
Keflavíkurflugvöllur	100%	0%	0%	[150-200]
Allt landið	[40-50]%	[50-60]%	[0-5]%	[350-400]

#### B.2.2.6 Skipadísilólía

Skilgreindir markaðir fyrir birgðahald skipadísilólíu voru níu á árinu 2012. Samanlagt gegnumstreymi þeirra var [50 – 100] milljón lítrar. Þegar horft er á allt landið var ODR stærsti aðilinn með [60 – 70]% hlutdeild á móti [30 – 40]% hjá Skeljungu. Skeljungur var eitt á markaði á Eskifirði á meðan ODR var eina félagið á Ísafirði, Neskaupsstað, Raufarhöfn, Reyðarfirði, Sauðárkróki og Þórshöfn. Á öðrum mörkuðum störfuðu bæði félögin. Á höfuðborgarsvæðinu var ODR með [50 – 60]% markaðshlutdeild.

Staðsetning	ODR	Skeljungur	Sala (m. ltr.)
Akureyri	[70-80]%	[20-30]%	[15-20]
Eskifjörður	0%	100%	[0-5]
Höfuðborgarsvæðið	[50-60]%	[40-50]%	[40-45]
Ísafjörður	100%	0%	[0-5]
Neskaupsstaður	100%	0%	[5-10]
Reyðarfjörður	100%	0%	[0-5]
Sauðárkrókur	100%	0%	[5-10]
Vestmannaeyjar	[10-20]%	[80-90]%	[10-15]
Þórshöfn	100%	0%	[5-10]
Allt landið	[60-70]%	[30-40]%	[50-100]

<sup>1</sup> Þess ber að geta að Skeljungur á einnig birgðatanka fyrir þotueldsneyti á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Þar sem enginn annar aðili er með birgðahald fyrir þotueldsneyti á flugvöllum er markaðshlutdeild Skeljungur 100%.

### B.2.2.7 Skipagasolía

Skilgreindir markaðir fyrir birgðahald skipagasolíu voru 20 á árinu 2012. Gegnumstreymið var um [150 – 200] milljón lítrar, mest á höfuðborgarsvæðinu. Þegar horft er á allt landið var ODR stærsti aðilinn með [70 – 80]% hlutdeild á móti [20 – 30]% hjá Skeljungu. ODR starfaði eitt á markaði á 14 mörkuðum en Skeljungur einum. Því voru sex markaðir þar sem bæði fyrirtækin störfuðu á.

Staðsetning	ODR	Skeljungur	Gegnumstreymi (m. ltr.) 2012
Akranes	100%	0%	[0-5]
Akureyri og nágrenni	[80-90]%	[10-20]%	[20-25]
Djúpivogur og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Grindavík	0%	100%	[0-5]
Grundarfjörður	[60-70]%	[30-40]%	[5-10]
Hella og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Húsavík og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Höfn í Hornafirði og nágrenni	100%	0%	[5-10]
Höfuðborgarsvæðið	[60-70]%	[30-40]%	[50-100]
Ísafjörður og nágrenni	100%	0%	[5-10]
Neskaupstaður og nágrenni	100%	0%	[5-10]
Ólafsvík	100%	0%	[0-5]
Patreksfjörður og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Reyðarfjörður og Eskifjörður og nágrenni	[30-40]%	[60-70]%	[5-10]
Sauðárkrúkur og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Seyðisfjörður og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Siglufjörður og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Vestmannaeyjar og nágrenni	[20-30]%	[70-80]%	[5-10]
Þorlákshöfn og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Þórshöfn og nágrenni	100%	0%	[0-5]
Allt landið	[70-80]%	[20-30]%	[150-200]

### B.2.2.8 Svartolía

Skilgreindir markaðir fyrir birgðahald svartolíu voru tíu á árinu 2012. Gegnumstreymið var [50 – 100] milljón lítrar, mest á höfuðborgarsvæðinu. Þegar horft er á allt landið var ODR stærsti aðilinn með [60 – 70]% hlutdeild á móti [30 – 40]% hjá Skeljungu. Aðeins á höfuðborgarsvæðinu voru bæði félögin starfandi á sama markaði en þar var ODR með [80 – 90]% markaðshlutdeild. Skeljungur var eitt á markaði í Vestmannaeyjum og Eskifirði á meðan ODR var eitt á öðrum markaðssvæðum. Á öðrum mörkuðum voru bæði félögin á starfandi en þess ber að geta að Skeljungur var með innan við 5% markaðshlutdeild á Ísafirði. Á höfuðborgarsvæðinu var ODR stærsta fyrirtækið með [50 – 60]% markaðshlutdeild.

Staðsetning	ODR	Skeljungur	Sala (m. ltr.)
Akranes	100%	0%	[0-5]
Akureyri	100%	0%	[5-10]
Eskifjörður	0%	100%	[10-15]
Höfn í Hornafirði	100%	0%	[0-5]
Höfuðborgarsvæðið	[80-90]%	[10-20]%	[45-50]
Neskaupstaður	100%	0%	[10-15]
Seyðisfjörður	100%	0%	[0-5]
Siglufjörður	100%	0%	[0-5]
Vestmannaeyjar	0%	100%	[5-10]
Þórshöfn	100%	0%	[0-5]
Allt landið	[60-70]%	[30-40]%	[50-100]